

Stjórnarfundur 20.okt. 2011 í Digranesi

Mættir: Brynhildur, Karen, Selma, Sigurður, Sólveig og Særún.

Fundur settur kl: 20:40

Dagskrá:

1. Lokaskýrsla um innkaup og afhendingu námsgagna fyrir 1. bekk

Uppgjör um innkaupin lögð fram. Um 40 foreldrar af 60 notfærðu sér að kaupa námsgögnin á þessu tilboði, sem var 7.000 kr fyrir öll námsgögnin. Lokaverð frá versluninni reyndist lægra en stjórn hafði gert ráð fyrir þannig að foreldrafélagið, sem ákvað að greiða niður verð umfram 7.000 kr, greiddi minna með pakkanum en reiknað var með.

Karen er búin að ræða við skólastjóra og deildarstjóra um að ef foreldrafélagið eigi að sjá um innkaupin aftur þá verði innkaupalistar ekki settir inn fyrir 1. bekk þannig að foreldrar verði ekki búnir að kaupa inn fyrir skólaboðunardag.

Hugmynd hefur komið um að skoða með að kaupa inn fyrir fleiri árganga t.d. stílabækur og reikningsbækur.

Karen ætlar að setja saman vinnureglur um hvernig er best að standa að þessu verkefni og hafa inn á heimasíðunni.

Hugmynd hefur komið fram að fá foreldra til að gefa skólanum gamlar talnagrindur sem til eru á heimilum, þá mætti sleppa þeim af innkaupalistum.

2. Starfsreglur nefnda

a) Starfsnefndir:

- Fréttabréfsnefnd, ný nefnd sem fái að móta sínar starfsreglur í vetur
- Öryggisnefnd, skoði m.a. nánasta umhverfi skólans, gönguleiðir í skólann, skoða girðingar í kringum skólana, umferðaröryggið. Halda fund með öryggisnefnd skólans til að kanna hvað sú nefnd gerir og hvað stendur út af
- Röltnefnd . Upplýsingar um starfsvið og verkefni hennar er nokkuð mótað og upplýsingar um það inn á heimasíðu
- Heilsuræktarnefnd

Þessar nefndir skili skýrslum um starf sitt tvisvar á vetri, fyrir jól og fyrir aðalfund.

b) Viðburðanefndir

- Laufabrauðsnefnd
- Árshátíðarnefnd
- Páskabingónefnd
- Vorhátíðarnefnd

Þær skili skýrslu eftir hvern viðburð; hvað var gert, keypt þjónusta, efniskaup, hvað gekk vel, hvað má betur fara. Særún ætlar að setja upp eyðublað fyrir þessar nefndir til að fylla út .

3. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar

Það hefur dregist að fá bekkjarfulltrúa í bekkjunum og því dregst enn að hægt sé að halda fulltrúaráðsfund. Stefna á að halda hann 10. nóvember

Stjórn sammála um að velja verði bekkjarfulltrúana að vori þannig að hægt sé að byrja starfið strax í september.

Dagskrá fundarins verði:

Kynning á stjórn

Kynna hlutverk bekkjarfulltrúa

Afhenda bekkjarmöppur fyrir alla bekki og kynna þær

Skipta fulltrúum í hópa eftir stigum og ræða það sem skiptir máli á hverju stigi.

Skipa í nefndir

Hugmyndabanki varðandi viðburði í bekkjunum.

4. Samantekt frá Særúnu um skólaráðsfund

Annar skólaráðsfundurinn var haldinn sl. þriðjudag og fundargerðin mun verða á heimasíðu skólans.

Skólapúlsinn var m.a. ræddur. Stjórn kom með hugmynd um að hann verði kynntur fyrir foreldrum, t.d. mætti kynna hann á fundinum sem halda á fyrir elsta stigið.

5. Samantekt frá Sigurði um SAMKÓP-fundi.

Búið að halda 3 fundi. Fundur í næstu viku með skólaskrifstofunni og fljótlega verður fundur um röltmálin.

Hafa á samband við stjórnir foreldrafélaga og bjóða þeim að stjórn Samkóp komi inn á stjórnarfundi foreldrafélaganna til að kynnast starfi þeirra.

6. Önnur mál

· Símaskrá

Selma sýndi símaskrá sem gefin var út fyrir 5. bekk af kennara þeirra. Sýndi einnig símaskrá sem gefin var út af Hjallaskóla á sínum tíma. Í henni komu fram sömu upplýsingar og eru í Mentor. Karen og Selma ætla að vinna saman að því að útbúin verði slík símaskrá.

· Föndur

Selma sýndi lista yfir ódýrar jólaföndurvörur. Stefna á að hafa föndur á laufabrauðsdaginn 26. nóv í stað þess að mála piparkökur eins og í fyrra. Nokkrar föndurvörur valdar af listanum því að panta þarf fljótlega

· Leikfimin

Ekkert hefur heyrst frá HK varðandi leigu fyrir salinn sem notaður er.

Tónlistargræjurnar sem kennararnir nota eru ónýtar og stjórn samþykkir að fjárfesta í nýjum tækjum

· Innheimta árgjalds

Innheimtulistinn er ekki tilbúinn enn en Karen ætlar að ýta á að fá hann sem fyrst svo hægt verði að senda út rukkun á árgjaldi fyrir mánaðamót.

Fundi slitið kl. 22:30